

arinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Norman, H. 289, skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1948.

Nr. 47/1948. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Gunnari Guðjónssyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Atvikum málsins er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn refsíákvæðum þeim, er þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Gunnar Guðjónsson greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. desember 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 4. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5325/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Gunnari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 25. f. m.

Málið er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Gunnari Guðjónssyni bifreiðarstjóra, Framnesvegi 5 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. september 1918 í Neskaupstað í Norðfirði, og hefur hann ekki, svo vitað sé, sætt kærú eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Föstudaginn 4. september s. l. um kl. 2.40 e. h. ók ákærði vöru-bifreiðinni R 1797 niður Laugaveg hér í bæ. Kveðst hann hafa ekið með um 20 km hraða miðað við klst. á svæðinu milli Hringbrautar og Barónsstígs og gizkar á, að hann hafi haldið bifreiðinni um 1 meter frá syðri gangstétt götunnar á þessu svæði.

Segir ákærði óslitna röð bifreiða hafa ekið á undan og eftir bifreið sinni á fyrrnefndum slóðum, og hafi næst á undan bifreið hans ekið jeepbifreið nokkur, sem hann veit ekki deili á. Rétt innan við húsið nr. 84 við Laugaveg segir ákærði bifreið nokkra, sem hann veit ekki heldur deili á, hafa ekið fram úr bifreið sinni og fyrrnefndri jeepbifreið. Hann minnst þess ekki, að bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar á þessum slóðum.

Móts við húsið nr. 84 við Laugaveg kveðst ákærði hafa orðið var manns á syðri gangstétt götunnar og hafi hann séð það á svip hans og látbragði, að eitthvað alvarlegt var að vilja til í sambandi við bifreið sína. Beygði hann nú litið eitt upp að syðri gangstétt götunnar og stöðvaði bifreiðina í þrengslum, sem mynduðust á götunni, vegna trégirðingar, sem stóð út í götuna norðan megin hennar.

Fór ákærði síðan út úr bifreiðinni, út um vinstri dyr stýrishússins, en þeim megin er stýri bifreiðarinnar. Er aftur fyrir bifreiðina kom, sá ákærði barn liggjandi á götunni, nokkurn spöl fyrir aftan vörupall bifreiðarinnar, en ekki treystir hann sér til að gizka á um, hve langt fyrir aftan vörupallinn barnið hafi legið. Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi ekki orðið þess að neinu leyti var, að slys hafði orðið á þessum stað, fyrr en maður sá, sem fyrr er nefndur,

kallaði á hann, og kveðst hann ekki hafa fundið, að bifreiðin rækist á neitt né rynni yfir neina ójöfnu á þessum slóðum.

Tók síðan ákærði barnið upp af götunni og bar það að vinstri dyrum stýrishúss bifreiðarinnar og færði það farþega, sem sat hægra megin í húsinu. Ók hann síðan beina leið á Landsspítalann með barnið, þar sem athugað voru lemstur þess, en síðan gerði ákærði rannsóknarlögreglunni aðvart um slysið.

Ákærði hefur látið þess getið, að hann hafi ekið bifreið að staðaldrí síðan á árinu 1941, en bifreiðarstjórapróf tók hann árið 1940. Bifreiðinni R 1797 kveðst hann hafa ekið óslitið síðan á árinu 1942. Kveðst hann hafa fulla sjón á báðum augum og ekki minnst hann þess, að neitt sérstakt hafi glapið fyrir sér við aksturinn um það leyti, sem slys þetta varð. Ekki kveðst ákærði hafa verið illa fyrir-kallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um, og áfengi bragði hann aldrei.

Í upphafi rannsóknar málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði séð barnið, sem fyrir bifreið hans varð, er það var stutt alveg fyrir framan bifreið hans, en breytti síðan framburði sínum varðandi þetta atriði í samræmi við það, sem hér að framan hefur verið sagt.

Er slys þetta varð, mun veður hafa verið þurr, en sólarlaust.

Barn það, sem fyrir bifreið ákærða var, hét Davíð G. Wildrick, og átti það heima á Laugavegi 84 hér í bæ. Var það rúmlega 2ja ára að aldri, er slysið varð (fætt 17. júní 1945). Það andaðist nærri strax eftir slysið, og var lík þess krufið af Niels prófessor Þungal daginn eftir (% s. l.). Hefur hann lýst áverkum á líkama barnsins þannig í skýrslu um krufninguna, að mikið brot hafi verið á höfuðkúpubotni og auk þess smá blæðingar á heila og dálítil blæðing undir lungnahimnunni hægra megin. Enn fremur hafi fundizt föluverð blæðing í kviðarholinu út frá stórri sprungu í lifur. Banameinið telur prófessorinn hafa verið hið mikla brot á höfuðkúpubotninum, ásamt chockverkun, því að sprungan í lifrinni bendi til þess, að ekið hafi verið yfir kviðarhol barnsins.

Vitað er um nokkra sjónarvotta að umræddu slysi. Verða nú framburðir þeirra raktir nokkuð, svo og framburðir annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getið gefið um slysið við rannsókn málsins.

Eins og fyrr var minnzt, var farþegi í stýrishúsi bifreiðar ákærða, þegar slysið varð. Heitir hann Friðrik Steindórsson verkamaður, Freyjugötu 5 hér í bæ, og hefur hann sem vitni skýrt þannig frá, að bifreiðinni R 1797 hafi verið ekið með venjulegum innanbæjarhraða áður og um það leyti, sem slysið varð, og hafi henni þá verið haldið heldur á vinstri vegarhelmingi, því að nokkru fyrir austan slystaðinn hafi bifreið nokkur ekið fram úr henni, en ekki man það, hvort jeepbifreið hafi verið ekið skammt á undan bifreið ákærða um það leyti sem slysið varð. Það minnst þess ekki, að neinar bifreiðar hafi

staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar á þeim slóðum, sem slysið varð á. Vitnið sá ekki barnið, sem fyrir bifreiðinni varð, áður en slysið vildi til, en hefur annars tekið fram, að það hafi ekki veitt umferð um götuna sérstaka athygli um þetta leyti. Vakti það fyrst athygli vitnisins, að ekki væri allt með felldu varðandi ferðir bifreiðar ákærða, að svipur og látbragð manns nokkurs, sem var staddur á syðri gagnstétt götunnar, gaf til kynna, að svo væri ekki. Alveg í þeim svifum, sem vitnið veitti manni þessum athygli, segir það ákærða hafa hljóðað upp og snögghemlað bifreiðinni, en allt hafi þetta gerzt með svo skjótri svipan, að því er ekki fullljós atvikaröð. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að bifreiðin rækist á neitt um það leyti, sem slysið varð, eða rynni yfir neina ójöfnu. Ekki fór vitnið út úr bifreiðinni eftir að hún stöðvaðist, og hefur það því ekki getað sagt um, hve langt fyrir aftan bifreiðina barnið lá þá, en það beið inni í henni meðan ákærði sótti barnið, og tók síðan við því af honum og sat með það á leiðinni á sjúkrahúsið. Þetta vitni hefur látið þess getið, að það hafi oft áður setið í bifreið, sem ákærði hafi stjórnað, og hafi því jafnan fundizt sem hann væri öruggur og fremur gætinn bifreiðarstjóri, og kunnugt segir það sér vera um, að hann sé bindindismaður á áfenga drykki.

Vitnið Guðmundur Dalberg Arason bifreiðarstjóri, Drápuhlíð 30 hér í bæ, ók bifreið sinni R 1071 norður Hringbraut stuttu áður en slysið varð, og stöðvaði hana við gatnamót Laugavegar, þar eð bifreið ákærða ók fram hjá gatnamótunum í þessum svifum, en síðan beygði vitnið vestur Laugaveg, og ók nú á eftir bifreið ákærða, þar til slysið varð. Telur vitnið, að nefnd bifreið hafi að minnsta kosti ekið með 25 km hraða, miðað við klst., meðan það sá til ferða hennar, áður en slysið varð. Sá vitnið síðan, að barn nokkurt tók sig upp frá nyrðri gangstétt götunnar og hljóp nærri þvert út á götuna. Ekki getur það gizkað á, hvað langt bilið milli barnsins og bifreiðarinnar hafi þá verið, en telur, að bifreið ákærða hafi þá verið komin allnærri þeim stað, sem barnið tók sig upp frá. Virtist vitninu sem barnið hlypi lítið eitt skáhalt niður götuna, eftir að það lagði af stað út á hana, eins og það ætlaði sér að reyna að komast yfir götuna fyrir framan bifreiðina áður en hana bæri að. Þetta vitni hefur látið það álit í ljós, að það telji vafasamt, að ákærði hafi getað séð barnið út um framrúðu bifreiðarinnar, þar eð hún hafi verið komin svo nálægt því, er það hljóp út á götuna, að aðeins hafi þá verið hægt að sjá það út um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Sá vitnið síðan, er barnið varð fyrir framenda bifreiðar ákærðs, milli framhjóla hennar, og þó nær hægra hjóli, að því er það telur. Segir það bifreiðina þá hafa verið stadda um 1½ meter frá syðri gangstétt. Eftir þetta hafi bifreiðin síðan tekið að hægja á sér, en hafi þó ekki verið snögghemlað, því að ekki hafi sézt nein hemlaför eftir hana, og auk þess hafi bifreiðin ekki stöðvazt fyrr en um 10 metrum neðar en barnið lá. Einnig hafi bifreiðinni verið sveigt að syðri gangstétt eftir að slysið varð,

það mikið, að hægra afturhjól hennar hafi runnið utan við líkama barnsins, nema annan fót þess, sem vitnið segir hjólið hafa runnið yfir.

Vitnið segir sig ekki muna betur en að maður sá, sem sótti hið slasaða barn og fór með það inn í bifreiðina, hafi komið út úr henni hægra megin, og minnst það þess ekki, að vinstri hurð bifreiðarinnar hafi nokkurt tíma verið opnuð við þetta tækifæri.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson seglasaumari, Laugateigi 27 hér í bæ, var stött á syðri gangstétt Laugavegar, nálægt slysstaðnum, er slysið vildi til. Sá það, þegar barnið, sem síðar varð fyrir bifreiðinni, hljóp af nyrðri gangstétt götunnar og þvert út á hana, en ekki getur það gízkað á, hve langt bilið milli barnsins og bifreiðar ákærða, sem ók fram hjá í þessum svifum, hafi verið langt, þegar barnið tók sig upp af gangstéttinni. Telur þó vitnið, að bil þetta hljóti að hafa verið nokkuð langt, því að meðan bifreiðin nálgadist, hafi barnið haft tíma til að hlaupa yfir meira en helminginn af götunni, því að það hafi orðið fyrir bifreiðinni heldur á syðri götuhelmingi, enda hafi verksummerki á staðnum bent til þess, að svo hafi verið. Vitnið segir bifreiðinni hafa verið haldið á vinstri götuhelmingi á leið hennar niður Laugavegin, og virtist því fara fjarri, að henni væri ekið óeðlilega hratt um það leyti sem slysið varð, en það hafi verið bersýnilegt, að mennirnir, sem í henni voru, hafi ekki veitt ferðum barnsins neina athygli, og hafi það því stanzað, kallað upp og slegið saman höndunum, er það sá hvað verða vildi, og eftir þessu hafi ákærði tekið og stöðvað bifreiðina nærri strax, en þó hafi henni aldrei verið snögghemlað, heldur stöðvuð hægt og sigandi. Eftir slysið segir vitnið barnið hafa legið meira en eina lengd bifreiðar fyrir aftan vörupall bifreiðar ákærða. Ekki minnst þetta vitni þess, að bifreiðar hafi staðið kyrrar við nyrðri gangstétt götunnar alveg á þeim slóðum, sem slysið varð á. Það kveðst ekki muna betur en að maður sá, sem sótti barnið eftir slysið, hafi komið út um hægri dyrnar á stýrishúsi bifreiðarinnar, en farið síðan inn um vinstri dyr og ekið því næst á brott með barnið. Annars hefur það látið þess getið, að því hafi brugðið mjög þegar það sá slysið vilja til, og hafi eftirtekt þess ef til vill glapizt við það.

Vitnið Kjartan Bjarnason lögregluþjónn, Hverfisgötu 90 hér í bæ, var stött inni í sölubúð í norðausturhorni hússins nr. 84 við Laugaveg, þegar slysið varð. Sá það ekki þegar bifreið ákærða rakst á barnið, en það vakti fyrst athygli þess, sem gerzt hafði, er bifreiðin stöðvaðist eftir að slysið varð. Sá það síðan mann koma með barnið og rétta það inn um vinstri dyr stýrishúss bifreiðarinnar, og hafi henni síðan þegar verið ekið burt. Vitnið sá blóðpoll á götunni, þar sem slysið varð, og gízkar það á, að fjarlægðin frá honum að staðnum, sem bifreiðin stöðvaðist á, hafi verið um 15 metrar. Ekki sá það nein hemlafiör eftir bifreið ákærða á staðnum. Gerði síðan vitnið lögreglunni aðvart um slysið og beið á staðnum, þar til lögreglumenn komu.

Vitnið Herdis Unnur Jóhannsdóttir verzlunarmær, Skúlagötu 58 hér í bæ, var við vinnu sína í skartgripaverzlun á Laugavegi 84, þegar slysið varð, og er það einmitt sama búðin, sem vitnið Kjartan Bjarnason var þá stadd í. Ekki sá þetta vitni, þegar bifreið ákærða rakst á litla drenginn, en veitti henni fyrst athygli, er hún var að staðnæmast eftir að slysið varð. Vitnið sá, er maður kom út um vinstri dyr stýrishúss bifreiðarinnar, gekk aftur með henni sama megin, náði í barnið, og gekk síðan fram með bifreiðinni vinstra megin, og stakk því inn um sömu dyr og hann hafði komið út um. Hafi maðurinn, sem mun vera ákærði, síðan farið inn um þessar dyr bifreiðarinnar og ekið brott.

Lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson og Gestur Sophonias Sveinsson komu á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var þá bifreið ákærða farin með hið lemstraða barn af staðnum. Fóru þeir síðan á Landsspítalann og hittu þar ákærða og fóru því næst með hann og bifreið hans til rannsóknarlögreglunnar.

Þeir Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Guðmundur Guðmundsson rannsóknarlögreglumenn komu einnig á slysstaðinn stuttu eftir að slysið varð. Var ákærði þá farinn með barnið á Landsspítalann. Mældu þeir fjarlægðina frá blóðpollinum á götunni að þeim stað, sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn sagði, að bifreið ákærða hefði stöðvazt á eftir slysið, og reyndist fjarlægðin milli þessara staða vera 15 metrar. Engin hemlaför sáu rannsóknarlögreglumennirnir á staðnum.

Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður gerði síðan uppdrátt af slysstaðnum og studdist í því við merki, sem Kjartan Bjarnason lögregluþjónn hafði sett á staðinn til glöggvunar, alveg eftir að slysið varð. Samkvæmt uppdrætti þessum virðist barnið hafa orðið fyrir bifreiðinni fremur á syðri götuhelmingi.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Sverrir Samúelsson og Guðmann Kristinn Guðnason skoðuðu bifreiðina R 1797 og reyndu hana í akstri sama dag og slysið varð. Hafa þeir borið, að hún hafi að öllu leyti reynzt vera í góðu lagi og hafa sérstaklega tekið fram, að hemlar hennar hafi verið í lagi og þvingað jafnt og vel á öllum hjólum.

Meðan á rannsókn málsins stóð voru þeir Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn og Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur dómkvaddir til að mæla og gefa álitserð um útsýni úr sæti ökumanns bifreiðar ákærða, þar eð hann hafði þá látið þess getið við yfirheyrslu, að sér hefði jafnan fundizt sem útsýn til hliðanna úr nefndri bifreið nokkuð slæmt. Framkvæmdu fyrrnefndir menn síðan útsýnis-mælingar á slysstaðnum, og sat ákærði á meðan í ekilsæti umræddar bifreiðar í þeim stellingum, sem honum eru eðlilegastar. Samkvæmt uppdrætti, sem skoðunarmennirnir lögðu fram af útsýni úr öku-mannssæti bifreiðar R 1797, virðist það eðlilegt og auðvelt fyrir öku-mann að sjá það, sem er fyrir framan bifreiðina og nokkuð til hliðar við hana, án þess að líta við, svo framarlega sem það er ekki komið

mjög nálægt framenda bifreiðarinnar og nær ekki 0.90 metra hæð, en það áætluðu skoðunarmennirnir hafa verið hæð barnsins, sem beið bana í slysi þessu.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst ljóst, að meginorsök slyssins hafi verið sú, að barnið, sem lét lifið í slysinu, hljóp út á götuna í veg fyrir bifreið ákærða, sem þá nálgadist óðum. En hitt virðist jafnljóst, að með nægilegri aðgæzlu hefði ákærði átt að geta komið auga á barnið og gert ráðstafanir til að forða slysi, meðan það var að hlaupa frá nyrðri gangstétt götunnar, þar til bifreiðin var komin mjög nálægt því úti á götunni, en eins og fyrr er getið, virðist bifreiðin hafa rekizt á barnið heldur á syðri götuhelmingi. Með tilliti til hraðamismunar bifreiðarinnar og barnsins, virðist hún hafa verið stödd alllangt fyrir innan slysstaðinn, þegar það lagði af stað út á götuna.

Ekki er vitað um, að neitt hafi skyggt á barnið, frá ákærða séð, meðan það var að hlaupa megnið af þessari leið, en sjálfur kveðst ákærði aldrei hafa komið auga á það áður en bifreið hans rakst á það, og virðist engin ástæða til að rengja þann framburð hans.

Með aðgæzluskorti þessum telst ákærði hafa brotið 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941. Þá telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 með því að gerast samvaldur að banaslysi með akstri sínum, sem nokkuð telst hafa skort á aðgæzlu við.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðalaga, með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Gunnar Guðjónsson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.